

Fundur 19.12.2022 Gísli Rúnar Jónsson

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið, gott kvöld.*

Þakka ég fyrir að mega koma hér í kvöld og er þetta nýtt fyrir mér og finnst mér mikilvægt að láta af mér vita og er það framfara skref fyrir mig eftir marga erfiða og myrka daga, að hafa samband við gömlu jörðina og láta vita af mér, að ég sé í lagi og af furðum þessa lífs, sem ég nú tek þátt í.

Og er svo margt undarlegt sem fyrir mig hefur borið og er mér þó sagt að ekki finnist það öllum neitt undarlegt, heldur bara eðlilegt, en fyrir þá sem eru nokkuð nýkomnir og bjuggust ekki við þessu, er það undrunar efni.

Og eftir að ég hef stígið upp úr ákveðnum erfiðleikum sem ég nefni ekki fyrr en síðar, hef ég loksins gert mér far um að kynnst betur lífinu hér á þessum hnetti, og var það ekki lítið undrunar efni að ég skyldi vera framkominn á hnetti.

Og getað stígið fæti á jörðina eins og gömlu jörðina, eins og ekkert hefði í skorist og var það nokkuð í andstöðu við margar trúarhugmyndir sem hafði kynnt mér, en mundi ég þó eftir að hafa heyrt um þessa kenningu lítillega eða lesið og hygg að það hafi verið í tímaritum eða eitthvað slíkt.

Og held ég að allt sé nú að stefna upp á við hjá mér. Og hér er fagurt um að litast og er það aðeins ákveðin óhamingja sem fylgdi mér þegar ég kom yfir, sem hefur hamlað því að ég hafi notið mín til fulls, en held ég að það sé nú allt að stefna í rétta átt.

Og já mikil er undrunin og þakklætið þar á eftir. Þegar ég yfirgaf jörðina, leið mér þannig eins og ekkert framhald yrði á lífinu og ég gæti ekki búist við að þau loforð rættust, sem eru í Kristninni og annars staðar.

En það var nú heldur betur á aðra lund, en mér þótti ég ekki eiga þetta skilið, þegar ég kom hér fyrst yfir, en það er nú liðið meira en ár.

Hef ég allur skipt um skoðun í því efni og tel ég að réttlæti tilverunnar sé mikilfenglegra en maður ímyndar sér.

Lítill einstaklingurinn sem getur átt við erfiðleika að etja. Og ég get nú ekki sagt að það sé auðvelt að tengja þetta við einhvern ákveðin Guð eins og í Kristninni en kannski eru það þessir Guðir sem mæta í stjörnusambandsstöðvarnar þær sem ég hef heimsótt, eftir að ég hingað kom.

Og þarf ég að rifja upp gömlu Goðafræðina og mun það verða mér til uppörvunnar og hef ég að vísu fundið nokkrar trúar tilfinningar í þá átt, en hef ég ekki talið mig mjög trúaðan mann hingað til, en það er kannski að breytast þegar ég er hingað kominn og sé öll þessi undur og ekki síst í þessum stjörnusambandsstöðvum.

Hér er mikið lagt upp úr því að nýkomnir fari á sveitabýli eldri kynslóða, þar sem fólk kynnist náttúrunni upp á nýtt.

Og hér hefur verið gott sumar og margt að skoða í ríki náttúrunnar sem er öðruvísi en á jörðunni og minnir á mörg sólrík fylki í Bandaríkjunum eða Evrópu og er það vel.

Og, það er einhver truflun.

Þarf að segja til nafns, ég ætla aðeins að reyna það, ég er Íslenskur maður.

Já ég hef skoðað líf mitt upp á nýtt og hér hef ég verið að huga að endurmenntun og hef þurft að skoða það hvernig atvinnugrein mín er tengd menningunni hverju sinni og hvernig hún breytist.

Ég vil segja það að minn tíma hafi ekki verið kominn og það er við mig algjörlega að sakast hvernig fór.

En ég vil samt segja það að mér var ekki sjálfrátt og ýmislegt sem átti að verða mér til hjálpar, virkaði öfugt á mig, á ég þá við ýmis lyf.

Og það var, ég hef átt erfiðar stundir í þessu framlífi vegna þess hvernig ég fór, og var mér sagt að það væri orðtak hér á þá veru, að skuggi fylgdu þeim sem þannig fara, oft svo jafn lengi sem við hefðum átt að lifa á jörðinni ykkar.

En ég er þó allur að koma til, en það má segja að það fari eftir dögum, en nafn mitt er Gísli Rúnar Jónsson leikari.

*Já, já. Sæll vertu, þannig að þú ert allur að hressast?*

Já ég bið kærlega að heilsa fjölskyldunni og þau skilja þetta kannski betur sem ég er að segja og já hér er möguleiki á endurmenntun og sé ég hvað fag mitt er bundið menningunni hverju sinni og húmorinn er bundinn allskonar menningar fyrirbærum.

Og hef ég hér talað við Robin Williams á stjörnusambandsstöð og hefur hann lýst reynslu sinni einnig, hvernig það getur tekið af gleðibirgðunum að vera gleðigjafi fyrir aðra, ef svo má segja.

Þetta er ekki, finn ekki orðið, einstök lífsreynsla, það eru aðrir með svipaða reynslu.

Já ég vil óska ykkur gleðilegra jóla og sakna þess mjög að geta ekki tekið þátt í íslensku samfélagi, sem ég átti margar góðar stundir með og átti miklar geð- hæðir og lægðir og það verður kannski síðar betur skilið fordóma laust, hvernig það getur leikið einstaklinginn að við erum svona byggð.

Ég vil koma því á framfæri að fólk skuli gæta sín á lyfjum og fara með þau varlega þau geta virkað öðruvísi en ætlað er.

Ég þakka kærlega fyrir mig og vil ég gjarnan koma síðar þegar ég hef náð mér að fullu og get boðið ykkur góðan boðskap og gleðilegan eins og mér er von og vísan og þakka ég kærlega fyrir og bið ég að heilsa öllum, sérstaklega fjölskyldunni.

Og þakka fyrir mig verið þið sælir.

*Við þökkum þér kærlega fyrir að segja frá þessari reynslu þinni, það er mjög fróðlegt og langar til að segja svona í lokin, í gamni svolítið því þú fórst skemmtilega með gaman mál, að ég minnst þín alltaf sérstaklega, sem annars kaffibrúsa karlana.*

Já, það eru góðar minningar og væri rétt að gleðja fleiri með einhverju slíku hér á þessum hnetti, þakka þér kærlega fyrir og verið þið sælir.

*Gísli má ég spurja þið aðeins?*

Já,

*Hefur þú nokkuð hitt Björgvin tengdaföður þinn?*

Jaá. Þú hefur þekkt hann eða hvað?

*Pabbi þekkti hann og ég kannaðist alveg við hann og hitti hann, hann er farinn yfir og mér datt bara í hug að spyrja hvort þú hafir rekist á hann.*

Já duglegur og hefur margt afrekað, henni mun þykja vænt um að heyra það, henni Eddu.

*Já við reynum að koma því til hennar.*

Já ég þakka fyrir, verið þið sælir.

*Vertu blessaður.*